

Kvenfrelsun, uppbot og áróður í Íran

Þegar nýlenduveldin neyddust til að losa um grimmdartök sín á nýlendunum, skaut ný-nýlendustefnan rótum. Kjarni hennar er sá að beita efnahagslegum yfirgangi, laumustríðum, undirróðri, áróðri, menningarlegum skæruhernaði og stjórnmálalegum þvingunum, til að öðlast völd, iðulegu undir fána friðar, lýðræðis, mannréttinda og frelsis.

Hið forna menningarríki Persa, nú Íran, hefur ekki farið varhluta af ný-nýlendustefnunni. Íranar búa nefnilega yfir miklum auðæfum, olíu og gasi – til viðbótar þeim ómælanlega menningarauði, sem þeir varðveita í nafni mannkyns.

Íranar er auðveldur skotspónn Vesturlanda samtímans. Þeir blóta rangan spámann, Múhammed (sem ævinlega var notalegur í garð læriföður síns, Jesúsar Krists), og með röngum hætti eins og Jemenar, sem þeir eiga bandalag við. Aukin heldur rífa þeir kjapt við leiðtoga heims í vestri og austri og segjast vel mega eiga kjarnorkuvopn eins og þeir. Það kann ekki góðri lukku að stýra.

Það fer skelfilega í taugar Ísraelsmanna, sem byggja eins konar „Vesturland“ í heimi Múhamedstrúarmanna, útstöð bandaríska hernaðarveldisins. Eins og sumir þekkja til varð Ísraelska ríkið til við hernám Breta í Palestínu, uppkaup og þjófnað landssvæða, til viðbótar því, sem tekið var herfangi. Ísraelska ríkið hefur að umtalsverðu leyti verið rekið á styrkjum frá hollvinum og bandarískum stjórnvöldum, sem hafa útvegað Ísraelsríki kjarnorkuvopn.

Bandaríkjamenn virðast staðráðnir í að láta drauminn um yfirráð yfir íranskri þjóð og auðæfum hennar rætast. Enda hafa þeir í því efni verið iðnir við kolann.

Bandaríkjamenn hafa með leyniþjónustu sína (CIA) í broddi fylkingar, áður steipt af stóli (eftir atvikum) lýðræðislega kjörinni stjórn Írana í samvinnu við sjóher Breta og leyniþjónustu þeirra, M16. Sameiginleg ráðagerð bandamannanna var kölluð „Aðgerð Ajax“ (Operation Ajax). En eins og allir vita þykir bandarískum og breskum stjórnvöldum lýðræði gott, meðan lýðurinn kýs rétt. Mohammad Mosaddegh (1882-1967) forsætisráðherra hafði dirfst að þjóðnýta bresk olíufyrirtæki og þar með sagt frelsisunnandi bandamönnum stríð á hendur. Hann lést í fangavistinni.

Konungurinn, Mohammad Reza Pahlavi (1919-1980), styrkist mjög í sessi við valdaránið og stofnaði til ógnarstjórnar (hin illræmda leyfiþjónusta hans var kölluð SAVAK) og kom til móts við kröfur Breta og Bandaríkjamanna um vinnslurétt á olíu. Mohammad var þó býsna kjaptfor, sagði t.d. í sjónvarpsfréttum, skömmu áður en

alþýða manna og klerkarnir steypu honum af stóli, að Bandaríkjamenn ættu að tala varlega um íranska menningu, því hún hefði blómstrað, meðan þeir sveifluðu sér enn í trjám.

Bandaríkjamenn voru þó ekki af baki dottnir, þrátt fyrir, að hinn kjaptfori taglhnýtingur þeirra hefði hrökklast frá völdum. Þeir gerðu innrás í Íran árið 1979 í forsetatíð Jimmy Carter. Þeir kölluðu aðgerð sína „Arnarkló“ (Eagle Claw). Veðurguðirnir lögðust á ár með Írönum. Aðgerðin var sneypa og kostaði átta Bandaríkjamenn lífið.

Tilfnið var gíslatakan, sem hinir eldri lesendur vafalaust muna eftir. Stúdentar hernámu sendiráð Bandaríkjanna. Írönum gramdist, að fyrrum einræðisherra þeirra og kúgara, væri lofað lækningum í Bandaríkjunum. En trúlega vildu þeir bara bjóða Bandaríkjunum byrginn.

Til að gera langa sögu stutta; innrásin var ein alls herjar hneisa fyrir heimsveldið eins og innrásirnar á Kúbu áður. Starfsmenn sendiráðsins voru látnir lausir, eftir 444 daga hersetu. Konurnar í hópnum voru þó fljótlega leystar úr haldi, því Íranskir klerkar báru hag þeirra fyrir brjósti. Útlendingar sömuleiðis, svo og sjúkir.

En hins vegar féll Jimmy Carter af sínum veldisstóli og kúrekinn, Ronald Reagan, tók við stjórnvelinum og beitti Írani umsvifalaust efnahagsþvingunum eins og Íslendingar og aðrar Evrópuþjóðir ætla að gera nú einn þá einu sinni.

Heimurinn hefur breyst, síðan Bandaríkjamenn fóru sína hersneypuför til Íran. Nú beita þeir og önnur ný-nýlenduveldi fyrir sig öðrum bellibrögðum; litaskrúðsbyltingum (colour revolution) eins og lesendur þekkja gerst frá Georgíu, Afganistan, Tyrklandi, Hvíta-Rússlandi, Rússlandi sjálfu, Júgóslavíu og Dagestan.

Stjórnvöld beita í því efni í auknum mæli alls konar „velgjörða- og mannúðarsamtökum eða áhugamanna-“, (non-governmental organization), sem mörg hver eru úlfar í sauðargæru. Oft og tíðum eru þau fjármögnuð af auðmönnum, sem boða vilja frelsi, mannréttindi og lýðræði í samráði við stjórnvöld. (Þó ekki Donald Trump.) George Soros er líklega þekktastur mannvinnanna.

Aðferð stjórnvalda og mannréttindasamtaka er tiltölulega einföld; bera fé á andófs- og vansældarfólk, eggja það til uppþota og eyðilegginga. Áróðursvopninu er óspart beitt. Upplýsingarstríð hefur náð áður óþekktum hæðum með sameiginlegri einokun stjórnvalda og auðmanna á fjölmiðlum Vesturlanda.

Aðferðinni beita hagsmunaaðilar í Bandaríkjunum ekki einungis við landvinninga og undirróður erlendis, heldur einnig á heimavelli. Dæmi um þetta er hin ofstækisfulla barátta fyrir frelsun kvenna, barátta gegn kyni og fjölskyldu. Eyðileggingarherferðin, „Svartir skipta máli,“ (Black Lives Matter) er nýlegt dæmi. Óeirðirnar í Íran draga mjög dóm af þeim.

Vesturveldin, sem hafa bæði harma að hefna og hagsmuna að gæta í Íran, gera enn eina atlögu að landsmönnum. Hryggilegt andlát Masha Amini kom eins og himnasending. Fjölmiðlar staðhæfðu, að íranskir lögreglumenn hefðu barið hana til óbóta. Á upptöku virðist veruleikinn allt annar. Hún lést, samkvæmt krufningsskýrslu, af völdum heilasjúkdóms, sem fyrr hafði gætt í lífi hennar.

Foreldrar þessarar ólánsömu konu hafa lýst því yfir, að óeirðirnar, þ.m.t. morð á írönskum lögreglumönnum, svo og misþyrmingar á almennum borgurum og skemmdir á eignum, séu ekki í þágu minningar dótturinnar.

Aukin heldur hefur almúginn flykkst út á götur til að mótmæla mótmælendum eins og árið 2019, þegar keimlík mótmæli áttu sér stað. Bandarískar skoðanakannanir sýndu þá eins og nú, að almenningur óskar harðra aðgerða yfirvalda til að stöðva mótmælin.

Uppbotin eru skipulögð af leyniþjónustu Ísraels, Mossad, og þeirri bandarísku, CIA, ásamt innlendum her málaliða. Vopn og hermenn koma, samkvæmt fyrrverandi öryggisráðgjafa Bandaríkjanna, John Bolton, frá írakska hluta Kúrdistan.

Bandaríkjamenn hersitja sem kunnugt er norð-austur hluta Sírlands með kúrdískum bandamönnum sínum. Þaðan koma einnig stríðsmenn og vopn og þaðan voru gerðar árásir á Tyrkland nýlega.

Fyrirnefndur John tjáði sig um þá von, að nú tækist loksins að steypa stjórn Írana eða gera leiðitama eins og í áratugi hefur verið boðað í heimsveldisáætlun Bandaríkjamanna um áhrif í Evróasíu. Jospheh Biden trúði fjölmiðlum líka fyrir því, að Bandaríkjamenn ætluðu bráðum að frelsa Írana. (Þeir frelsa væntanlega Úkraínumenn fyrst.)

Vígurð uppbotsmanna eru þau sömu og Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir notar: „Konur, líf, frelsi.“ Frelsun kvenna vekur samúð fólks eins og reynslan úr fyrsta heimsstríði, stríðinu gegn körlum/drengjum og stríðinu í Afganistan, ber vitni um.

Skuplan eða blæjan, sem margar íranskar konur nota af trúarástæðum, virðist vera brennidepill frelsunarinnar. Þó er sá hængur á, að mikill meirihluti kvenna í Íran óskar þess að bera fjárans skupluna eins og reyndar miklu víðar, þar sem sömu eða svipuð

trúarbrögð eru fólki töm – og meira að segja á Vesturlöndum. (Til allrar hamingju þykir þessi gamli, góði siður nú lummó hjá íslenskum konum. Þær eru því ekki í frekari frelsunarhættu frá íslenskum stjórnvöldum.)

Erindreki klerkastjórnarinnar í Mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna, þegar Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir heimtaði rannsókn á kvenréttinda- og mannréttindabrotum í Íran (sem eru reyndar orðin samheiti um þjáningar kvenna), bar skupluhöfuð sitt hátt. Hana þarf fjandakornið að frelsa umsvifalaust með góðu eða illu.

(Ætli konur í Íran sýni sömu andstöðu gegn frelsun og allar konurnar í Afganistan, sem kuflum klæðast og styðja Taliban? Meira að segja íslenska kvenfrelsunarhershöfðingjanum, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, tókst ekki að frelsa þær.)

Samtímis hinum „friðsamlegu mótmælum,“ sem utanríkisráðherra vor kallar andóf, morð, misþyrmingar og skemmdarverk í Íran (þótt fráleitt sé við alla mótmælendur að sakast), er háð miskunnarlaust upplýsingastríð á vegum íhlutunarveldanna. Aðsópsmikil fréttaveita þeirra heitir „Human Rights Activists News Agency – HRANA, að mestu fjármögnuð af opinberri deild CIA, „National Endowment for Democracy.“ Þetta er væntanlega fréttaveitan, sem fréttastofa RÚV reiðir sig á. Heimild hennar er alla vega „mannréttindasamtök.“

Stórkostlegasta frétt HRANA var án efa aftökufréttin; þ.e. að Íransstjórn ætlaði sér að taka 15.000 mótmælendur af lífi. Fréttir hafa líka borist af barnsmorðum íranskra stjórnvalda eins og barnspjónaði Rússa í Úkraínu í illa leiknum áróðursþætti. Hjarta okkar tekur venjulega auka kipp, þegar konur og börn eru annars vegar. Svo hefur trúlega verið frá upphafi vega.

Upplýsinga- og áróðursherdeild Hvíta hússins/Pentagon hefur einnig verið virkjuð. Hún hefur nú reyndar verið feykilega athafnasöm síðustu árin. Hver herferðin hefur rekið aðra eins og lesa má um í rannsókn Stanford háskólans, sem rannsakaði fjölda samhæfðra áróðursrása á samfélagsmiðlum, þ.m.t. Twitter, Fésbók og Instagram. Þar segir m.a.:

„Herferðirnar fólu óbrigðult í sér frásagnir í þágu Bandaríkjamanna og bandamanna þeirra gegn andstæðum þjóðum eins og Rússum, Kínverjum og Írönum“ - og þjóðum í Mið-Asíu og Miðausturlöndum. Sáði-Arabar og Ísraelsmenn láta áróðurinn gegn Írönum, fjöndum sínum, líka dynja á íbúum Vesturlanda og Íran.

Það er snúið í upplýsingaáriðunni að henda reiður á áreiðanlegum fréttum. En fjöldi manns hefur verið handtekinn og nokkrir dæmdir til dauða fyrir landráð. RÚV hefur eftir „mannréttindasamtökum,“ að einn hafi verið tekinn af lífi (8. des.) og fleiri bíði hængingar. Þetta er í öllu falli harmleikur og heimskur.

<https://www.history.com/topics/middle-east/iran-hostage-crisis>

<https://thecradle.co/Article/News/18951>

<https://thecradle.co/Article/News/17813>

<https://thecradle.co/Article/news/18435>

<https://www.iranintl.com/en/202211041789>

<https://thecradle.co/Article/News/18387>

<https://covertactionmagazine.com/2022/10/10/is-the-cia-supporting-another-color-revolution-in-iran-like-the-one-that-brought-in-the-shah-in-1953/>

<https://www.tasnimnews.com/fa/news/1401/07/15/2784582/%D9%85%D8%AA%D9%86-%DA%A9%D8%A7%D9%85%D9%84-%D8%A8%DB%8C%D8%A7%D9%86%DB%8C%D9%87-%D8%B3%D8%A7%D8%B2%D9%85%D8%A7%D9%86-%D9%BE%D8%B2%D8%B4%DA%A9%DB%8C-%D9%82%D8%A7%D9%86%D9%88%D9%86%DB%8C-%D8%AF%D8%B1%D8%A8%D8%A7%D8%B1%D9%87-%D8%B9%D9%84%D8%AA-%D9%81%D9%88%D8%AA-%D9%85%D9%87%D8%B3%D8%A7-%D8%A7%D9%85%DB%8C%D9%86%DB%8C>

<https://thecradle.co/Article/news/18109>

<https://thecradle.co/Article/News/16413>

<https://thecradle.co/Article/news/17968>

<https://thecradle.co/Article/News/15906>

<https://thecradle.co/Article/Analysis/16372>

<https://english.almayadeen.net/news/politics/conspiracy-against-iran-doomed-to-failure:-irgc>

<https://thecradle.co/Article/News/16367>

<http://www.informationclearinghouse.info/57373.htm>

<https://theintercept.com/2020/03/22/mek-mojahedin-e-khalq-iran/>

<https://thecradle.co/Article/News/18461>

<https://english.almayadeen.net/news/politics/mahsa-aminis-father-breaks-silence:-protest-not-for-our-sake>

https://twitter.com/AryJeay/status/1572883297465679879?s=20&t=9BcP-lwRj_nALq2lFu9gEA

<https://twitter.com/EbneHava/status/1572307155478257666?t=TTcTUsKFHRBqJ-zKPF7cyA&s=19>

https://public-assets.graphika.com/reports/graphika_stanford_internet_observatory_report_unheard_voice.pdf

<https://thecradle.co/Article/news/16602>

<https://www.washingtonpost.com/national-security/2022/09/19/pentagon-psychological-operations-facebook-twitter/>